
FORNLEIFASKRÁNING Á LITLU- DRAGEYRI Í SKORRADAL

AÐALSKRÁNING OG DEILISKRÁNING VEGNA SUMARBÚSTAÐABYGGÐAR



BIRNA LÁRUSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2014

FS546-14061

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumynd: Horft heim að Litlu-Drageyri, bæjarhús vinstra megin við miðju.

©2014

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is


EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	7
3. AÐFERÐIR OG SKÝRINGAR.....	9
4. FORNLEIFASKRÁ.....	11
5. NIÐURSTÖÐUR.....	20
HEIMILDASKRÁ:	22



1. Inngangur

Nýlega fóru eigendur jarðarinnar Litlu-Drageyrar í Skorradal þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að gerð yrði fornleifakönnun í landi jarðarinnar, sem er sunnan við Skorradalssvatn. Á



austasta hluta hennar stendur til að skipuleggja land fyrir sumarbústaðabyggð, vestan við Dragá. Lóðirnar má sjá á meðfylgjandi korti. Gengið var um skipulagssvæðin sem má telja tvö: Annars vegar vestan við Dragá og sunnan vegar og hins vegar norðan vegar á sömu slóðum. Gengið var um svæðin og


fornleifar skráðar eftir fyrirbyggjandi heimildum en sömuleiðis skimað eftir áður óþekktum minjum á fyrirhugðum sumarhúsalóðum, bæði á loftmyndum (GoogleEarth) og eins af jörðu niðri. Einnig var gerð aðalskráning fyrir þá hluta jarðarinnar sem eru utan skipulagsreita að ósk landeigenda. Svæðisskráning Litlu-Drageyrar, þ.e. upplýsingar um fornleifar á jörðinni úr heimildum, lá þegar fyrir sem hluti af svæðisskráningu fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar sem gerð var árið 1996.¹ Birna Lárusdóttir sá um vettvangsvinnu og frágang skýrslu en Lísabet Guðmundsdóttir sá um kortagerð.

Alls voru skráðir 17 minjastaðir, þar af tveir innan eða rétt við jaðar fyrirhugaðra skipulagssvæða. Flestir staðir utan skipulagssvæða reyndust í túni, skammt frá bænum, eða þar í námunda. Tekið skal fram að utan skipulagssvæða var einungis gengið á fyrirfram þekkta fornleifastaði eða staði þar sem líklegt mátti telja að fornleifar leyndust með hliðsjón af örnefnum eða öðrum heimildum. Vafalaust mætti finna fleiri minjastaði í landi Litlu-Drageyrar, ekki síst vestan við bæinn út að merkjum við Indriðastaði og sömuleiðis norðan vegarins um sunnanverðan Skorradal.

Fram til þessa hefur ekki farið fram heildstæð fornleifaskráning í Skorradalshreppi þótt minjar hafi verið skráðar á nokkrum jörðum vegna fyrirhugaðrar skógræktar og

¹ Sjá Orri Vésteinsson 1996.

sömu leiðis vegna bænhúsaskráningar. Ekki er vitað til þess að neinar fornleifarannsóknir hafi áður verið gerðar í landi Litlu-Drageyrar.



Skipulagssvæðin sjást hér afmörkuð með rauðum punktalínunum. Sjá enn fremur kort aftast í skýrslu.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðaðar. Auk þess segir í lögnum: „Fornleifum....má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar krefst fjölþættra athugana á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins.

3. Aðferðir og skýringar

Úttektin fór fram í byrjun september 2014. Skráningin miðaðist fyrst og fremst við ítarlega úttekt á tveimur deiliskipulagssvæðum austast í landi jarðarinnar, næst Dragá. Alls eru fyrirhugaðar lóðir milli 50 og 60 talsins. Við skráninguna voru loftmyndir kannaðar og svæðin gengin þannig að sem best yfirsýn fengist. Rétt er að geta þess að fyrirhuguð skipulagssvæði eru að mestu vaxin þéttum skógi. Hæstur og þéttastur er skógurinn annars vegar norðan þjóðveggar og hins vegar á holtunum næst Dragá, allra austast í landi jarðarinnar. Vestari hluti svæðisins er hins vegar með mýrlendum svæðum sem eru hulin lágvaxnara kjarri og ósennilegra að minjar leynist þar. Erfitt er að fullvissa sig um að ekki séu fleiri fornleifar á svæðunum.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-143:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Í skránni hér á eftir fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk

og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá



Bærinn á Litlu-Drageyri, horft til suðausturs. Burstin nær er hluti af gamla bænum, burstin fjær síðari tíma viðbygging.

BO-148 Litla Drageyri

8 hdr. 1707. Litla Drageyri hefur líklega verið nýbýli í landi Drageyrar eftir 1420 og komist í hendur konungs eftir siðaskipti, en hún er meðal þeirra jarða sem konungur seldi Henrik Bjelke aðmírál 1675 og hann seldi síðan aftur. - JJ, 444; JÁM XIII, 501. 1675 og 1676 er jörðin seld ásamt með Kolbeinshúsum, sem þá hafa verið



byggt ból. Jarðabréf, bls. 32. Búskap lauk 1977, en tún hefur stundum verið slegið eða nýtt til beitar 1918: 30.809 m² = 9 1/2 dagsl. 1/6 smápýft. Garðar 709 m². "Landið er allt mjög skógi vaxið, en mýrlendi er austur frá túni og holt og mólendi í norðausturhorni landsins. ... Silungsveiði er í Skorradalsvatni." BB II, 234

BO-148:001 Litla Drageyri bærjarhóll
bústaður

64°31.459N 21°34.300V

Bærjarhús á Litlu-Drageyri standa í sléttu túni norðan við bærjarlæk, á sama stað og sýnt er á túnakorti 1918. Ekki er vitað til þess að bærinn hafi staðið annarstaðar.

Bærjarstæðið, horft í norður. Vinstra megin sjást útihús.


Mjög slétt tún en víðast hvar harðlent og virðist skammt niður á möl. Heimreið að bænum liggur úr norðri. Bæjarhúsin eru í gömlum stíl, tvær burstir og mun sú sem vestar stendur vera hluti gamla bæjarins en hin var reist af Haraldi Á. Sigurðssyni um miðbik 20. aldar. Sést að hún er í öðrum hlutföllum og með ólíkri gluggagerð. Vestan við eru leifar steinsteypra útihúsa sem nú eru þaklaus að hluta. Þau eru ekki sambyggð bænum. Suðurendi þeirra er grafinn inn í hól sem virðist náttúrulegur að mestu þótt ekki sé hægt að fullyrða það. Hóllinn hefur áður náð lengra til austurs en var grafinn burt fyrir nokkrum árum þar næst bænum. Að sögn Haraldar Aikman voru engin augljós mannvistarlög í honum. Alls enginn hól er undir húsunum sjálfum og vekur það upp grun um að bærinn gæti hafa staðið annarstaðar á 19. öld og fyrr. Enn sjást leifar grjóthlaðinna kálgarða suðvestan við bæinn. Þeir ná yfir L-laga svæði sem er alls um 20 x 20 m stórt og virðist þrískipt - er að öllu leyti vestan við heimreiðina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-148:002 tóft fjárhús

64°31.425N 21°34.377V



Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús um 60 m suðvestur af bæ. Þar er nú tóft, handan lækjar. Hæðarhryggur sem liggur ANA-VSV og bæjarlækurinn rennur í krók við norðurendann. Svæðið er vel gróið en bitið af hrossum. Tóftin er af fjárhúsum. Hún er mjög stæðileg, um 13 x 7 m stór og snýr hér um bil norður-suður. Hún skiptist í tvennt þversum með bálki um miðbikið sem er grjóthlaðinn á steyptri undirstöðu og með steyptri plötu ofan á. Í suðurhólfi er steyp þró sem tekur yfir um helming innra rýmis en væntanlega hafa verið grindur ofan á henni. Miklar bárujárnsleifar eru í tóftinni. Dyr snúa í norður en sömuleiðis virðist sem dyr hafi verið í austurátt á syðra hólfi, nú hrútið fyrir þær að hluta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-148:003 heimild um útihús

64°31.416N 21°34.215V

Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús í túni rúma 100 m austur frá Litlu-Drageyrarbænum 001. Þar er nú óljós þúst í sléttu túni. Slétt tún og bitið fast við háan lækjarkakka. Á þessum stað örlar á útflötu gerði, nokkurn veginn ferhyrnu og um 13 x 13 m stóru. Veggir eru vart greinilegir í sléttu túninu og sæjust sennilega ekki nema vegna þess að svæðið er bitið. Hugsanlega hefur annað gerði eða mannvirki verið áfast að norðanverðu. Ekkert grjót sést í veggjum og ekkert op er sýnilegt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

BO-148:004 Kolbeinsbakki bæjarhóll bústaður

64°31.058N 21°32.438V

"Upp með Dragánni verður fyrir okkur kargaþýfður rústabakki, sem heitir Kolbeinsbakki. Þar er sagt, að eitt sinn hafi búið karlinn, er síðar bjó að Mófellsstaðakoti og gaf þeirri jörð nafnið Kolbeinsstaðir. Þarna hefur fundist smiðjusindur, svo sá sem hér hefur búið, hefur smíðað járn," segir í örnefnalýsingu. Líklega er þetta sami staður og Kolbeinshús, en það var byggt ból í landi Litlu-Drageyrar, getið í sölubréfum bæði 1675 og 1676 og hefur þá verið í byggð. Bæjarins er hins vegar ekki getið í jarðabók 1707 og hefur þá væntanlega verið kominn í eyði. Þess má geta að það ár var Páll nokkur Kolbeinsson búandi á Mófellsstaðakoti ytra, sem þá var einnig nefnt Kolbeinsstaðir. Hugsanlega hafa Kolbeinshús verið kennd við Kolbein föður hans. Þessi staður er



Rauður hringur er dreginn um Kolbeinsbakka – horft til norðurs yfir Skorradalsvatn á leið yfir Dragann. Á innfelldu myndinni nærmynd af þýfinu, horft í NA.

en hann gæti verið náttúrulegur að hluta. Bakinn er hár á þessum slóðum og brattur og sennilega hefur brotnað af hólum að austanverðu. Rofabakinn er að hluta gróinn lyngi en einnig er þar talsverð mól - ekki sást í augljósar mannvistarleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Litlu Drageyri, 1; Jarðabréf, 32; JÁM IV, 157

BO-148:005 Sellækur tóft sel

Í örnefnalýsingu Litlu-Drageyrar segir: "Nokkuð ofan við [Stórhól] fellur Sellækur í Dragána. Þegar kemur yfir



Seltóftin, horft í suður



þann læk, er skógi vaxin spilda, sem heitir Selskógur." Í athugasemdum Guðmundar Guðmundssonar við skrána segir: "Ummerki sels nálægt Sellæk; Selrúst er þar á lækjarbakkanum." Rústin er enn sýnileg þótt ógreinileg sé en sést hins

vegar vel á loftmynd. Hún er tæplega 1,4 km ASA af bænum á Litlu-Drageyri, um 10 vestan við Sellækinn. Þetta er um 140-150 m austan við staðinn þar sem lækurinn rennur niður úr gili.

Mjög grösugar, skóglausar brekkur í smáhalla móti norðri. Nær engin sauðfjárbreit hefur verið á svæðinu árum saman og því er mikil gróska í lággróðri og erfitt að finna tóftina.

Tóftin er einföld, aflöng og niðurgráfin, alls um 9 x 2-3 m á stærð að innanmáli, breiðust syðst. Op snýr í

ekki þekktur í seinni tíð en kemur vel heim og saman við svæði sem er fast vestan við Dragána, næstum nákvæmlega 100 m ofan eða sunnan við veg. Þetta er um 1,7 km austan við bæinn á Litlu-Drageyri 001.

Gríðarlega stórþýft svæði og grösugt, erfitt yfirferðar. Hár og gróskumikill birkiskógur er í kring en þónokkuð rjóður umhverfis rústahólinn.

Hér er nokkuð sannfærandi bæjarhóll en ekki hægt að greina einstakar rústir. Alls er hóllinn allt að 40 x 18 m stór og liggur frá SV-NA meðfram bakka

Dragárinnar. Hæð hólins er allt að 1,5 m

norður. Ef staðið er inni í henni eru veggir mest um 0,4 m háir, stæðilegastir að austanverðu, en ytra byrði þeirra er ógreinilegt. Þeir eru algrónir og hvergi sést í grjóti. Önnur bygging gæti hafa verið áföst tóftinni að vestanverðu en hún er mjög óljós, eins og þúst. Enginn höll er undir rústunum og ekki virðist líklegt að hér séu



Skjástot af GoogleEarth. Hér sést tóftin við Sellækinn (005) glögg.

miklar uppsafnaðar mannvistarleifar. Sýnilega tóftin er alls ekki dæmigerð selrúst en líkist frekar fjár- eða beitarhúsum (lögur, stærð og áttahorf). Hugsanlegt er að þau hafi verið reist á staðnum þar sem selið stóð áður en ekki er hægt að útiloka að selið hafi verið annarstaðar, ofar eða neðar við Sellækinn. Ekki sjást augljósar rústir annarstaðar við lækinn á loftmynd og ekki þar sem gengið var.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litla Drageyri, 1; Ö-Litla Drageyri aths. GG, 1

BO-148:006 tóft útihús



hefur verið kastað þar í, einkum girðingarefni. Alls hefur tóftin verið á að giska 4 x 3 m stór innanmáls. Húsið mun síðast hafa verið notað sem reykkofti.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

64°31.422N 21°34.296V

Tóft er um 80 metra austur af 002, við lækinn innan við 100 m beint suður af bæjarhól 001.

Lækjarbakki, gróið tún fyrir ofan.

Tóftin hefur verið grafin inn í lækjarbakkann til norðurs, en hann er 2-2,5 m hár á þessum stað. Dyr hafa snúið í suður, að læknum. Tóftin er nú hrunin saman að mestu og er því ólöguleg, þó grillir í að bakkar hafi verið hlaðnir upp að innanverðu. Mikið járn og timbur sést innan tóftar auk þess sem ýmsu



BO-148:007 tóft útihús



Tóft 007, horft í austur. Fjar fyrir miðri mynd sést hóllinn sem gæti verið manngerður.

áberandi hóll, um 6 x 4 m stór N-S, líklega mannvirkjaleifar eða merki umróts - af beinum að dæma hafa skepnur líka verið urðaðar á þessum slóðum. Hóllinn er allt að 3 m hár ef staðið er við hann að austanverðu.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

64°31.408N 21°34.317V

Tóft er gegnt tóft 006, um 30 m suðvestar en hún en sunnan við lækinn sem rennur sunnan við Litlu-Drageyri (bæinn). Þetta er í stefnu hér um bil beint suður af bænum.


Grösugt kargabýfi, mikið bitið af hrossum.

Tóftin er greinileg, um 6 x 5 m stór frá norðri til suðurs, op í norðurátt. Hún er full af ýmsu rusli, einkum úr járni, og kann að hafa verið mokað og ýtt yfir það svo að upphaflegt form tóftarinnar virðist úr skorðum gengið. Hún er annars algróin og mest um 0,2 m háir veggir. Fast austan við tóftina er



BO-148:008 tóft fjárhús

64°31.349N 21°33.839V



0 10 20
metrar

Rúst af stórum margstæðuhúsum er í litlu túni um 400 m austur af bænum á Litlu-Drageyri (001). Tóftin er á myndarlegum, grösugum hól. Hross ganga á svæðinu. Ekki er ósennilegt að eldri mannvistarleifar leynist í hólnum.

Stór og mikil hús sem voru í notkun langt framtíðir 20. öld. Alls er tóftin 20 x 13 m stór að utanmáli frá austri til vesturs en gafl úr timbri, nú horfinn, hefur snúið í norður. Þrír garðar hafa verið í húsunum og hlaða aftan við, ekki niðurgráfin. Hún nær yfir alla breidd húsanna og er 3-4 m breið. Veggir eru stórkarlega hlaðnir úr grófu grjóti en smærri grjót er í gördum. Kindabað er nyrst í vestasta garða en austasti garðinn er áberandi lægri og grónari en hinir. Miklar timburleifar eru innan veggja, að hluta innviðir, þakfni og grindur úr gólfi en einnig hefur rusl af ýmsu tagi verið sett í tóftina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



BO-148:009 gerði útihús



Leifar af gerði 009, horft í norður.

64°31.507N 21°34.546V

Leifar af gerði eru vestast í Litlu-Drageyrartúni, rúma 200 m vestur frá bæ 001.

Í sléttu, harðlendu túni sem væntanlega hefur verið nýrækt.

Hér sjást greinilegar leifar af vel afmörkuðu gerði en ekki eru veggir umhverfis heldur líkt og renna eða "negatíf" ummerki. Alls er svæðið um 15 x 5 m stórt frá norðri til suðurs og bungar jarðvegur upp innan svæðis. Um 20-30 m vestur af er árbakki og þar sjást leifar af gömlum steypubrotum og smáu grjóti sem líklega hefur verið rutt fram af. Sennilega tengjast þær gerðinu og má giska á að hér séu leifar af loðdýrabúi sem stofnað var á Litlu-Drageyri fyrir miðja 20. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-148:010 garðlag túngarður

64°31.456N 21°34.151V

Leifar af garði, líklega túngarði, sjást á loftmynd í GoogleEarth í Litlu-Drageyrartúni, austan við heimkeyrsluna að bænum og um 35 m framan eða norðan við framhlið bæjarhúsanna.

Slétt og harðlent tún, bitið af hrossum. Garður þessi er mjög ógreinilegur á jörðu niðri en má þó greina hann sem óljósa brún, um 0,3 m háa ef staðið er við hann að norðanverðu. Á loftmynd má rekja garðinn rúma 200 m til austurs en þá sveigir hann í SA og S og hverfur þegar nálgast tekur bæjarlækinn. Alls engar garðleifar sjást vestan við heimkeyrsluna. Sennilega er þetta gamall túngarður, þá sennilega eldri en mörk túns 1918, enda



Skiáskot af GoogleEarth. Örin bendir á túngarðsleifar 010.

virðast þau hafa legið heldur norðar af túnakorti að dæma.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-148:011 náma mógrafir

64°31.302N 21°33.759V



Greinilegar mógrafir eru austan við Litlu-Drageyrartún, rúma 500 m austur af bæ 001.

Blaut og mjög grösug mýri.

Grafirnar eru mjög greinilegar, allt að rúmlega 1 m á dýpt, kantaðar og reglulega skornar. Alls ná þær yfir svæði sem er um 30 x 15 m stórt en auk þess eru mögulega fleiri og smærri grafir suðaustar.

Hættumat: engin hætta

Mógrafir 011, horft til suðausturs.

BO-148:012 þúst útihús

64°31.444N 21°34.172V

Greinileg þúst er í Litlu-Drageyrartúni, um 100 m austur af bæ, innan eða sunnan við meintar túngarðsleifar, sjá 010.

Bitið og harðlent tún.

Þústin er rúmlega 10 m í þvermál og sker sig greinilega úr túninu. Hér gætu hafa staðið útihús en þó ekki útilokað að um náttúru myndun sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



BO-148:013 þúst 64°31.343N 21°33.898V

Óljósar mannvirkjaleifar eru um 380 m austan við bæinn á Litlu-Drageyri, utan í vestanverðum hólum sem fjárhústóft 008 er á. Þetta er í krika fast norðan við girðingu.

Fremur slétt valllendi, bithagi hrossa.

Mjög óljósar leifar og erfitt að leggja mat á. Svæðið sker sig úr vegna kargapýfis sem er of reglulegt til að geta verið náttúruverk, hátt í 5 m í þvermál og svo gengur líkt og óljós hleðsla frá því til austurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Óljósar mannvirkjaleifar 013, horft í vestur.

BO-148:014 vegur leið

64°31.330N 21°32.645V

Á herforingjaráðskorti frá 1911 sést hvar gamli vegurinn meðfram Skorrdalsvatni hefur legið, alveg niður við vatnið.

Birkiskógur vex þar víðast hvar í landi Litlu-Drageyrar.

Leifar gamals vegar sjást enn meðfram vatninu og liggur hann væntanlega á sama stað og gamla leiðin sem sýnd er á kortinu. Þetta er sæmilegasti vegur, bílfær á kafla en að hluta notaður sem reiðvegur. Vegurinn er sýndur á næstu síðu sem og á korti aftast í skýrslunni.

Hættumat: engin hætta

BO-148:015 heimild um leið

Á herforingjaráðskorti frá 1911 sést að gata hefur legið til vesturs frá Litlu Drageyri, fyrst til VSV uppundir fjall

en þaðan í sveig til VNV að Indriðastöðum. Slétt tún er næst bæ en skógi vaxið þegar dregur nær fjallsrótum. Ekki var leitað gaumgæfilega að götu en hún sést ekki á loftmynd og talið að hún sé horfin í skóg.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Herforingjaráðskort 1911

BO-148:016 heimild um leið

Á herforingjaráðskorti frá 1911 sést að gata hefur legið til suðaausturs frá Litlu-Drageyri, væntanlega að vaði á Dragánni. Þegar þangað er komið virðist hún sameinast öðrum götum yfir Geldingadraga.

Svæðið sem gatan hefur legið um er meira og minna komið á kaf í gróður. Ekki er vitað til þess að leifar götunnar sjáist.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Herforingjaráðskort 1911

BO-148:017 heimild um rétt


Í örnefnalýsingu segir: "Frá Bæjarlæk inn að næsta læk, sem heitir Rauðilækur, er nafnlaust skóglendi, en fjaran heitir þar Mjúkisandur. Innan við Rauðalæk er svo skóglaust svæði; það er Drageyrin. Það er stærðar svæði, sem tilheyrir báðum Drageyrnum, en um eyrina rennur svo Dragáin. Rétt við Rauðalæk er gömul fjárrétt." Í dag er Rauðilækur þekktur sem lækur sem rennur út í Skorradalsvatn um 800 m ANA af bæ. Annar lækur rennur nær Bæjarlæk ofan vegar en sá sameinast honum áður en komið er niður að Skorradalsvatni. Örnefnalýsingin virðist miðuð við sjónarhorn frá fjörunni við vatnið og því sennilegt að átt sé við fyrnefnda lækinn.

Land er mikið til skógi vaxið við lækinn.

Ekki virðist réttin þekkt í seinni tíð og leifar hennar fundust ekki við vettvangskönnun.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Litla Drageyri, 1



5. Niðurstöður

Helstu niðurstöður v/ skráningar á Litlu-Drageyri eru eftirfarandi:

- Alls voru skráðir 17 minjastaðir á jörðinni.
- Þar af eru tveir minjastaðir í jaðrinum á fyrirhuguðu skipulagssvæði: rúst við Sellæk (005) og rústahóll, sennilega leifar af býlinu Kolbeinsbakka (004). Auk þess liggur gömul leið meðfram Skorradalsvatni um norðurhluta skipulagssvæðis (sjá 014) og væntanlega hefur gata sem sést á gömlu herforingjaráðskorti (sjá 016) gert það líka þótt hún sé ekki sýnileg í dag.
- Vel ætti að vera hægt að komast hjá raski á minjastöðum ef farið er með gát, enda ekki fyrirsjáanlegt að þeir lendi inni á sumarhúsalóðum.
- Gríðarlega þéttur og gróskumikill skógur er á svæðunum og erfitt að fullvissa sig um að þar séu ekki fleiri minjar.
- Allar fornleifar eru friðaðar skv. lögum (sjá lög um menningarminjar nr. 80/2012). Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

148001	376567 449482
148002	376503 449420
148003	376632 449399
148004	378027 448676
148005	377402 448387
148006	376568 449413
148007	376550 449388
148008	376928 449262
148009	376374 449578
148010	376686 449472
148011	376988 449172
148012	376669 449449
148013	376880 449253
148014	377881 449189

Heimildaskrá:

BB II: 1989. *Byggðir Borgarfjarðar II. Borgarfjarðarsýsla og Akranes*. Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

Herforingjaráðskort frá 1911. Landmælingar Íslands.

Jarðabréf: 1993. *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: útdrættir*. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-13, Kh. 1913-43.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, eð brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>

Orri Vésteinsson. 1996. Menningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar. Svæðisskráning. FS016-95033. Fornleifastofnun Íslands.

Túnakort Litlu-Drageyrar frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Litla Drageyri: Litla Drageyri. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Ö-Litla Drageyri aths: Litla-Drageyri. Athugasemdir. Guðmundur Guðmundsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.